



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/652
komudagur 15.12.2006

Alþingi
Heilbrigðis- og tryggingarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2006

Efni: Umsögn vegna frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og málefni aldraðra, þskj. 353 - 330. mál. .

Við er til bréfs nefndarritara allsherjarnefndar, dags. 15. nóvember sl., þar sem fram kemur beiðni til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Beiðist er velvirðingar á þeirri seinkun sem orðið hefur á svári til nefndarinnar sem rekja má til mikill anna á skrifstofu Velferðarsviðs.


Ofangreint frumvarp mun vera samið í framhaldi af tillögum nefndar sem skipuð var af forsætisráðherra til þess annars vegar að fjalla um búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilishjúkrunar og hins vegar að skoða fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar. Tillögur nefndarinnar eru m.a. að hækka lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, fækka bótaflokkum og einfalda lífeyristryggingakerfið. Þá segir í tillögum nefndarinnar að draga skuli úr áhrifum tekna maka og skerðingarhlutföll vegna annarra tekna verði lækkuð. Ennfremur að fjárhæð vasapeninga verði hækkuð, sett verði frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega og heimiluð verði sveigjanleg starfslok þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku ellilífeyris.

Telja verður að íslenskt samfélag og atvinnulíf fari mjög á mis við fullfrískt og reynslumikið fólk, eldri borgara, sem sér sér ekki hag í að vera lengur á vinnumarkaðnum vegna skerðingar tekjurtryggingar. Stuðla verður að því að auka atvinnuþátttöku eldra fólks sem hefur afar jákvæð áhrif á íslenskt samfélag og á einstaklingana sjálfa.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur afar áriðandi að ríkisvaldið hækki ráðstöfunarfé (vasapeninga) við dvöl á stofnun. Ljóst er að í mörgum tilfellum duga vasapeningarnir ekki svo að vistmenn geti keypt sér fatnað. Að undanfögnu hefur á því borið að einstaklingar sem eingöngu hafa vasapeninga sér til framfærslu hafi sótt um fatastyrk til þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar þar sem engir fjármunir hafa verið aflögu af vasapeningum viðkomandi til að kaupa sér klæði. Það er nauðsynlegt að stuðla að fjárhagslegu sjálfstæði og reisu vistranna með því að hækka ráðstöfunarfé (vasapeninga) þeirra.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fagnar öllum réttarbótum til handa öldruðum og öryrkjum og fötluðum. Í fyrrgreindu frumvarpi eru stigin skref í átt að auknum réttindum og fjárhagslegu sjálfstæði öryrkja og aldraðra og allri lagasetningu sem miðar að bættum hag aldraðra og öryrkja ber að fagna.

F.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,


Guðmundur S. Ragnarsson, lögfr.

Afrit sent: Stjórnsýslu- og starfsmannsvið
Reykjavíkurborgar.